

28. nóvember, 2011

Lagastofnun Háskóla Íslands
Lögbergi
101 Reykjavík

Beiðni um álitsgerð varðandi deildir innan veiðifélaga (með fyrirvara um að áætlaður kostnaður liggja fyrir)

Í ársbyrjun 2011 birtist á vef Landsambands veiðifélaga:

"ÁLITSGERÐ um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga" gerð í janúar 2011 af Lagastofnun Háskóla Íslands, höfundar Stefán Már Stefánsson og Eyvindur G. Gunnarsson.

Aðstæður hafa hagað því þannig að ég hef fundið mig knúinn, frá miðju ári 2010, til að beita mér í máli er varðar deildir innan veiðifélags.

Nú hef ég kynnt mér mjög ítarlega lög, reglugerðir og dóma er varða veiðifélög og arðskrár, án þess eiginlega að finna nokkra umræðu um deildir í veiðifélögum.

Í fyrrnefndri álitsgerð er ekkert um deildir, enda kannski skiljanlegt þar sem orðið deild kemur aðeins þrisvar sinnum fyrir í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, og aðeins í einni málsgrein í 39. gr. laganna, sem hljóðar svo:

"Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns.

Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur."

Í reglugerð nr. 1024/2006, þar sem er að finna fyrirmynd að samþykktum veiðifélags, stendur eftirfarandi í 3. gr.:

"[Félagið starfar í eftirfarandi deildum, sem allar ráðstafa veiði á sínu félagssvæði með þeim skilyrðum, sem samþykkt eru á félagsfundum: ...]"

Þetta virðist nú við fyrstu sýn vera nokkuð ljóst, en ef skoðað er hvernig þetta hefur verið framkvæmt í reynd, kemur annað í ljós.

Málavextir :

Það sem einkum er þess valdandi að þörfin á sérstakri álitagerð um deildir verður til, er Veiðifélag Árnesinga og svokölluð "stofnun" Tungufljótsdeildar innan þess.

Veiðifélag Árnesinga, stofnað 1938, er félag veiðiréttarhafa á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Svæðið nær frá ósum Ölfusár, að Þingvallavatni í vestri og að Gullfossi í norðri. Tungufljót, sem tilheyrir efri hluta þessa vatnasvæðis, á upptök sín á Haukadalsheiði norðan við Geysi og sameinast Hvítá rétt norðan við Laugarás í Biskupstungum.

Upphaf deilu sem staðið hefur um veiðirétt í Tungufljóti má rekja til ársins 2003.

Til að útskýra forsöguna betur er rétt að nefna að í miðju Tungufljóti er fossinn Faxi. Sérstakt veiðifélag, Faxi, virðist hafa verið stofnað einhvern tímann fyrir 1972 um Tungufljót ofan við fossinn. Þarna hefur því verið um að ræða tvö veiðifélög um sama straumvatn svo ofarlega á vatnasvæðinu, sem verður að teljast afar óvenjulegt eða einsdæmi, en líkleg ástæða þess er að fossinn var ekki fiskgengur.

Þann 24. maí 1975 er hins vegar opnaður nýr laxastigi í fossinum fyrir atbeina Stangveiðifélags Reykjavíkur. Hann virkaði hins vegar aldrei eins og til var ætlast og ekkert markvert gerist næsta aldarfjórðunginn.

Þann 6. júlí árið 2003 er svo gerður samningur f.h. Faxa, veiðifélags kt. 410775-0699 um útleigu stangveiðiréttar í öllu Tungufljóti, bæði ofan og neðan við fossinn til Tungufljóts ehf. Svæðið neðan við fossinn Faxa tilheyrir hins vegar Veiðifélagi Árnesinga, sem ekki var aðili þessa samnings, og var auk þess gerður í trássi við vilja landeigenda á svæðinu. Nú í janúar 2011 kemur svo einnig í ljós að Faxi, veiðifélag sem gerði samninginn á sínum tíma var fellt niður úr fyrirtækjaskrá í ágúst 1990, þ.e.a.s. þrettán árum áður en samningurinn er gerður fyrir hönd þess.

Í bréfi veiðimálastjóra frá 13. september 2004 til eins af landeigendum við Tungufljót lætur hann í ljós eftirfarandi álit varðandi þennan samning:

„Bókun veiðifélags Árnesinga, sem nú fer með umboð fyrir landeigendur í neðri hluta Tungufljóts, gefur ótvírætt til kynna að samningurinn geti ekki tekið gildi án þess að umræddir landeigendur hafi gerst aðilar að honum.

Til að ná því fram væri eðlilegast að veiðifélag Árnesinga samþykkti stofnun sérstakrar deildar fyrir Tungufljót frá ármótum upp að Faxa, sem færi með málefni umræddra jarða. Samkvæmt samþykktum veiðifélags Árnesinga þarf að samþykkja nýju deildina á aðalfundi félagsins og undirrituðum er ekki kunnugt um að slík samþykkt hafi verið gerð. Í kjölfarið þarf að stofna slíka deild á svæðinu, sem hefði umboð landeigenda til að semja við Tungufljót ehf. Ef slík deild er ekki stofnuð þurfa allir landeigendur fyrir neðan Faxa að gerast aðilar að samningnum með undirskrift sinni til þess að hann gangi í gildi.“

Þess má svo geta að Agn ehf. hefur síðan selt út stangveiðirétt í Tungufljóti allar götur frá 2003, væntanlega í umboði Tungufljóts ehf. sem hefur greitt árlega samkvæmt samningnum inn á bankareikning Faxa veiðifélags, kt. 410775-0699, sem ekki er til eftir ágúst 1990. Þetta hefur allt átt sér stað án aðildar ýmissa landeigenda neðan Faxa að samningnum.

Það næsta sem gerist er að í nóvember 2008 er boðað til fundar með veiðiréttarhöfum við Tungufljót neðan Faxa í þeim tilgangi að vinna að stofnun deildar í Veiðifélagi Árneseinga. Á fundinum er samþykkt með 14 atkvæðum gegn 6 eftirfarandi tillaga:

„Undirbúningsfundur veiðiréttareigenda í Tungufljóti, neðan fossins Faxa að ármótum Hvítár, sem er haldinn í Aratungu þann 27. nóvember 2008, samþykkir að óska eftir að stofna deild í Veiðifélagi Árneseinga, að fengnu samþykki aðalfundar Veiðifélags Árneseinga.“

Á aðalfundi Veiðifélags Árneseinga árið eftir er samþykkt með 18 atkvæðum gegn 5 eftirfarandi tillaga stjórnar:

„Aðalfundur Veiðifélags Árneseinga haldinn í Þingborg 21. apríl 2009 samþykkir stofnun veiðideildar við Tungufljót neðan fossins Faxa.“

Þann 14. maí 2009 boðar síðan svokölluð undirbúningsnefnd sem unnið hafði að stofnun deildarinnar til fundar þann 26. maí. Efni fundarins er stofnun veiðideildar í Veiðifélagi Árneseinga fyrir Tungufljót.

Eins og sjá má er þetta ferli algerlega í samræmi við leiðbeiningar veiðimálastjóra frá 2004.

Á þennan stofnfund mætir m.a. forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu og kynnir gerð arðskrár fyrir veiðifélög, en það vill svo til að þetta er sami maður og áður nefndur veiðimálastjóri.

Á fundinum er samþykkt með 17 atkvæðum gegn 5 eftirfarandi tillaga:

„Veiðiréttarhafar í Tungufljóti, frá fossinum Faxa að ármótum Hvítár (26 jarðir) samþykkja að stofnuð verði veiðideild (Tungufljótsdeild) í Veiðifélagi Árneseinga.“

Því næst er borin upp tillaga að samþykkt fyrir Tungufljótsdeild. Í fundargerð kemur fram að tillagan er felld með 6 mótatkvæðum, en 16 samþykktu. Ekki náðist 2/3 hlutar atkvæða til þess að samþykkja tillöguna.

Á þessum sama fundi er síðan kosin stjórn veiðideildarinnar.

Í framhaldi af þessu er boðað til annars fundar þann 30. júní 2009 um tillögu að samþykkt fyrir Tungufljótsdeild. Tillagan er samþykkt með 18 atkvæðum gegn 7 mótatkvæðum.

Landeigendur kæra þessa stofnun Tungufljótsdeildar til Fiskistofu og krefjast þess að Fiskistofa úrskurði fundi veiðideildar Tungufljóts, 26. maí og 30. júní ólögmeata og felli úr gildi allar ákvarðanir sem þar voru teknar, s.s. samþykkt samþykkt veiðideildarinnar.

Með úrskurði 19. janúar 2010 hafnar Fiskistofa öllum kröfum kæranda, en segir jafnframt í úrskurðinum að víkja beri til hliðar þeim efnisatriðum fundarins 26. maí er víkur að stofnun veiðideildar, þar sem stofnun deildarinnar hafi þegar átt sér stað með formlegum hætti af þar til bærum aðila, þ.e. Veiðifélagi Árneseinga á aðalfundi þess 21. apríl 2009.

Einnig kemur fram hjá Fiskistofu: „Eina lögmæta verkefni fundarins 26. maí var því að mati Fiskistofu að setja deildinni samþykktir.“

Þessi úrskurður lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu er algjörlega á skjön við leiðbeiningar forstöðumanns lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu sem áður er lýst um hvernig staðið skuli að stofnun deilda.

Það sem eftir stendur er í aðalatriðum þetta: Deildin telst hafa verið stofnuð á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga 21. apríl, án þess að nokkur gerði sér grein fyrir því á þeim tíma. Stjórn deildarinnar er kosin mánuði síðar á fundi 26. maí sem boðað er til af "undirbúningsnefnd" og Fiskistofa hefur lýst að hafi ekkert gildi nema að setja deildinni samþykktir.

Samþykktir fyrir deildina eru svo afgreiddar á öðrum fundi mánuði síðar.

Stjórn deildarinnar gerir síðan samning við Tungufljót ehf. þann 10. apríl 2010 um útleigu stangveiðiréttar í Tungufljóti neðan Faxa til 10 ára.

Þann 3. nóvember 2010 gefur Lögreglustjórinn á Selfossi út ákæru á hendur landeigendum fyrir að hafa stundað stangveiði í "landi annars manns" þ.e. Tungufljóti án þess að hafa til þess leyfi, þar sem Tungufljótsdeild hafi leigt út veiðiréttinn.

Tveimur mánuðum síðar, þegar á að fara að taka málið fyrir í Héraðsdómi Suðurlands, kemur fram í tölvupósti frá lögreglunni að hún sé ekki með umræddan leigusamning, sem hún er að ákæra út af. Samningurinn fæst loksins tveimur klst. fyrir fyrirtöku málsins.

Þann 10. júní 2011 eru landeigendurnir svo sakfelldir í Héraðsdómi Suðurlands.

Auk þess hafa komið fram vísbendingar um að Lögreglustjórinn á Selfossi hyggist ákæra fleiri aðila á vegum landeigenda.

Það nýjasta er svo það að 4. nóvember s.l. tók matsnefnd samkvæmt 44. gr. laga nr. 61/2006 fyrir beiðni um að gerð verði arðskrá fyrir Tungufljótsdeild.

Það á svo eftir að koma í ljós hvernig það á að vera mögulegt.

Á þennan fund 4. nóvember voru boðaðir eigendur 26 jarða við Tungufljót, neðan Faxa.

Í gildandi arðskrá Veiðifélags Árnesinga, sem er frá 1963, er Tungufljót skráð með

13 arðseiningar af 10.000 og þeim er skipt niður á 8 aðila.

Það verður því afar áhugavert að fylgjast með þessu verkefni.

Niðurstaða :

Þetta sem hér hefur verið lýst, ásamt því að kynna mér samþykktir þessara örfáu veiðifélaga þar sem deildir koma við sögu, hefur orðið til þess að mér er nú ljóst að um víðtæka vanþekkingu er að ræða á lögum um lax- og silungsveiði hvað deildir varða, og er þá sama hvort litið er til stjórna veiðifélaga, Fiskistofu, ákærvalds eða dómstóla.

Þessir aðilar virðast almennt rugla deildum innan veiðifélaga saman við sjálfstæð veiðifélög.

Ég tel því afar brýnt að fá fram álitserð sérfróðra manna um hvernig standa skuli að deildarskiptingu veiðifélaga til að leiðbeina ofangreindum aðilum.

Það vefst hins vegar ekki fyrir mér hvernig skilja beri tilurð deilda í veiðifélögum, þ.e.a.s. að það verði að skipta öllu veiðifélaginu upp í deildir með breytingu á samþykktum veiðifélagsins, þar sem deildirnar eru taldar upp, ásamt þeim jörðum er tilheyra hverri deild. Ekki sé hægt að "stofna" einstakar "sjálfstæðar" deildir á aðalfundi veiðifélags með örfáum atkvæðum.

Hins vegar eru ýmis atriði sem vefjast fyrir mér varðandi framkvæmd laganna eftir að búið er að deildarskipta veiðifélaginu.

Það helsta sem ég tel þurfa að taka fyrir í slíkri álitserð um deildir er :

1. Hvernig verða deildir til?
2. Eru aðalfundir haldnir í deildum?
3. Hvar eru stjórnarmenn deilda kosnir?
4. Hverjir eru atkvæðisbærir við stjórnarkjör deilda?
5. Er ástæða til að gera sérstakar samþykktir fyrir deildir?
6. Hvert er hlutverk deilda annað en ráðstöfun veiði?
7. Hvernig fer með hinn jafna atkvæðisrétt (eitt atkvæði pr. jörð) um ráðstöfun veiði, ef sumir veiðiréttarhafar eru í einni, tveimur eða þremur sjálfstæðum deildum? Þeir ráðstafa veiði á sínu svæði án aðkomu annarra en taka svo einnig þátt í að ráðstafa veiði hjá öðrum veiðiréttarhöfum sem eru utan deilda.
8. Samrýmist það lögum með tilliti til atkvæðisréttar félagsmanna að setja í samþykktir veiðifélags að stjórnarmenn eða jafnvel allir stjórnarmenn deilda séu sjálfkjörnir í stjórn veiðifélagsins?
9. Samrýmist það lögum með tilliti til atkvæðisréttar félagsmanna að setja í samþykktir veiðifélags að stjórnarmenn verði að koma frá tilteknum svæðum innan umdæmis veiðifélags?
10. Hvernig fer með leigusamninga t.d. til 10 ára hjá einstökum deildum ef sett er einn daginn í samþykktir veiðifélagsins að félagið starfi ekki í deildum?
11. Geta verið margar arðskrár í veiðifélagi sem er deildarskipt?

Hvað myndi svona álitserð kosta og hvenær gæti hún verið tilbúin, þ.e.a.s. ef vilji er fyrir hendi hjá Lagastofnun að taka þetta verkefni að sér?

Gunnar Briem
Hraunbæ 56
110 Reykjavík

gunnar@tbank.is
s. 821-6110